

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og fjögurra varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra og endurskoðenda hennar.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða: forsætisnefndar, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs, skóla- og frístundaráðs, stafræns ráðs, umhverfis- og skipulagsráðs og velferðaráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 11.00 á föstudegi fyrir reglulegan fund borgarstjórnar. Þegar óskað er eftir því að tillaga verði tekin á dagskrá skal senda hana forsætisnefnd ásamt heiti tillögunnar. Hið sama gildir um heiti umræðna.

Þegar kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar eru á dagskrá borgarstjórnar, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti.

2. gr.

50. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Forsætisnefnd.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Tilnefna skal varamenn í forsætisnefnd sem taka sæti á fundum hennar þegar fulltrúar eru forfallaðir. Hið sama gildir um varaáheyrnarfulltrúa.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, á föstudögum fyrir reglulegan fund borgarstjórnar. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um atvinnumál, nýsköpun og ferðaþjónustu í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
5. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.

6. Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
 7. Fjallar um opinberar móttökur Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með því að reglum um móttökur sé fylgt.
 8. Fjallar um málefni kjörinna fulltrúa og afgreiðir tilkynningar þeirra um fæðingarorlof, veikinda- og slysaforföll.
 9. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.
- Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða, og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

3. gr.

63. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö fulltrúa í mannréttinda-, og ofbeldisvarnarráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö fulltrúa í menningar-, íþróttá- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö fulltrúa í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í stafrænt ráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

4. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2018 staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 22. september 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.